



24. mars 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 683. mál á 150. löggjafarþingi

Aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru

Hagsmunasamtök heimilanna eru sjálfbóðaliðasamtök og hafa því ekki náð að greina frumvarp þetta í þau vegna þess stutta tíma sem gafst til að veita umsögn. Engu að síður verða samtökin að benda á að benda á að við samningu frumvarpsins virðist hafa láðst að fjalla í því um verðtryggingu á lánum heimilanna. Vegna þeirrar gríðarlegu óvissu sem nú ríkir um þróun efnahagsmála næstu mánuði og misseri, fara samtökin aðallega fram á að verðtrygging neytendalána og fasteignalána til neytenda verði fryst frá og með næstkomandi mánaðamótum. Til vara að sett verði þak á verðbætur slíkra lána miðað við efri vikmörk hins opinbera verðbólguþröngmiðs, eða ígildi 4% árhækkunar vísitölunnar. Samtökin mælast til þess að bætt verði úr þessu við þinglega meðferð málsins.

Dæmi um hugsanlega útfærslu frystingar:

Breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. [38/2001](#).

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 1. apríl 2020 er óheimilt að reikna verðtryggingu neytendalána og fasteignalána til neytenda miðað við hærra stig vísitölu neysluverðs en 474,1.

Dæmi um hugsanlega útfærslu verðbótþaks:

Frá og með 1. apríl 2020 er óheimilt að reikna verðtryggingu neytendalána og fasteignalána til neytenda miðað við meiri hlutfallslega hækkun vísitölu á milli gjalddaga en myndi jafngilda 4% árhækkun.

Til skýringar skal tekið fram að 4% árhækkun jafngildir rétt tæplega 0,33% hækkun milli mánaða.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is